Þórunn Hannes Stefán Kristján Andri Þórey Lára Anton Rúna Magnús Arna Bjarni Gunnar Harpa Jóhanna Kristín

LIND FASTEIGNASALA

Uppspretta ánægjulegra viðskipta

510 7900

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

Dreift frítt í öll hús í Kópavogi. 30. maí 2015, 36. tbl. 11. árgangur

www.kopavogsbladid.is

Krua Thai

...Ævintýraferð fyrir bragðlaukana

Tryggvagata og Bæjarlind

552 2525

www.kruathai.is

Heitur matur í hádeginu á virkum dögum

Lifandi MYND

Vídeótökur og myndvinnsla

lifandimynd@lifandimynd.is

Erum á Facebook

Arion banki



Dúxarnir úr máladeildinni í ár eru þau Sara Dögg Sigurðardóttir og Steindór Steindórsson

VORBOÐINN LJÚFI

251 nemi útskrifast úr Menntaskóla Kópavogs

4

Hamraborg 8

BAZAAR REYKJAVÍK

BAZAAR.IS

GJAFA & HEIMILISVÖRUR

BÆJARLIND 6 | 201 KÓP | 564 - 2013

Dekkjahusid.is

FRÁBÆRT ÚRVAL AF DEKKJUM

ný vefsíða

- Dekkjahótel (geymsla á dekkjum)
- Dekk og felgur í úrvali
- Snyrtileg aðstaða
- Alltaf heitt á könnunni

TILBOÐ Á UMFELGUN

Fólksbílar 5.490,-

Jepplingar 6.490,-

Jeppar 8.490,-

GRIPMAX FRELSI TIL ÆVINTÝRA

Netgíró MasterCard VISA LÉTTGREIÐSLUR

Dekkjahúsið

Dalbrekku 17, Kópavogi

Sími: 55 33 100

dekkjahusid@dekkjahusid.is

30 ára reynsla og þekking

Útgefandi: ago útgáfa slf

Ritstjóri: Auðun Georg Ólafsson
Sími: 899 3024
Netfang: audun@kopavogsbladid.is
Heimasíða: www.kopavogsbladid.is

Umbrot: Guðmundur Árnason
Prentun: Landsprent
Dreifing: Póstdreifing

Kópavogsblaðinu er dreift frítt í öll hús í Kópavogi

Ritstjórnarstefnan er eftirfarandi: Kópavogsblaðið vill stuðla að aukinni samheldni og samstöðu Kópavogsbúa. Við höfum sérstakan áhuga á skemmtilegu mannlífi og atvinnulífi í Kópavogi og því sem gerir Kópavog að sérstökum og jákvæðum bæ að búa í, starfa og heimsækja.

LEIÐARI

Ormar

Auðun Georg Ólafsson, ritstjóri.

Ormadagar, siglinga- fótbolta og sundnámskeið boða komu sumars. Það er búið að vera dálítið mikið haust í þessu vori en það kemur þó ekki í veg fyrir að vorprófin klárist; MK útskrifi nemendur sína og að ormarnir okkar skoppi út um allar trissur. Barnamenningarhátíð Kópavogsbæjar nær hápunkti í dag, laugardag, með uppskeruhátíð á menningartorfunni. Flugdrekanámskeið verður í Bókasafninu og svo verður hægt að fara í blöðrubolta og risakeilu. Í Gerðarsafni verður fjölskyldusmiðja og í Salnum verða tónleikar með kór Kársnesskóla, svo nokkuð sé nefnt.

Fleira boðar komu sumars. Bæjarstjórn Kópavogs staðfesti í vikunni tillögu að framkvæmdaleyfi fyrir lagningu á nýjum Arnarnesvegi milli Reykjanesbrautar og Fífuhvammsvegar. Skipulagsnefnd samþykkti tillöguna og vísaði til afgreiðslu bæjarráðs og bæjarstjórnar. Það styttist því í að framkvæmdir við lengingu Arnarnesvegar hefjist. Vonandi verða malbikunarframkvæmdir fleiri í sumar því holurnar á götum bæjarins eru jafnvel orðnar fleiri en hraðahindranirnar. Og þá er komið nóg. Gleðilegt sumar!

GAMLA MYNDIN

Hver, hvar, hvenær?

Myndin í síðasta blaði er enn ógreind og biðlum við því enn til Kópavogsbúa um upplýsingar um hana. En það bárust viðbótarupplýsingar um myndina af Kvenfélagskonunum í þarsíðasta blaði, sú sem er til vinstri með gítar er Elín Jakobsdóttir og fremst fyrir miðju er Pálina (föðurnafn vantar). Rangt föðurnafn var á konunni lengst til vinstri í aftari röð, rétt nafn er Þuríður Egilsdóttir. Þær kölluðu sig Ömmukórinn, en þrjár þeirra unnu í Ömmubakstri.

Myndin sem birtist núna er tekin á Kópavogsvelli líklega nálægt 1975. Ljósmyndarinn er óþekktur, en hún kemur úr safni Breiðabliks. Hver tók myndina, hvenær og af hvaða tilefni? Hvað heitir fólkið á myndinni? Allar upplýsingar eru vel þegnar, hafa má samband við Héraðsskjalasafn Kópavogs í síma 544 4711, á netfangið gunnarmh@kopavogur.is eða með heimsókn á skjalasafnið, Digranesvegi 7 (gamla pósthúsið).

KÓPAVOGSBÚI MÁNAÐARINS

Jóna Kristín Hauksdóttir

Sigurjón Jónsson tilnefndi Hjörvar Hafliðason sem Kópavogsbúa þessa mánaðar. En þar sem Hjörvar er fluttur úr bænum, eftir 35 ára dvöl, þá kom hann ekki til greina. Hjörvar tilnefndi í staðinn fyrir sig Jónu Kristínu Hauksdóttur, leikmann meistaraflokks Breiðabliks í fótbolta.

Hvenær fluttir þú í Kópavog?
„Ég flutti í bæinn árið 1997 og hef alltaf kunnað mjög vel við mig. Fyrstu árin bjó ég í Fífulind en svo í Fífuhjalla. Í vor keypti ég mér íbúð í Salahverfinu en Hjallahverfið er að mínu mati lang besta staðsetningin í Kópavogi."

Hver er fallegasti staður bæjarins?
„Kópavogsdalurinn er fallegur en Kópavogsvöllur ber höfuð og herðar yfir aðra staði bæjarins."

Hvernig er hinn fullkomni dagur fyrir sanna Kópavogsbúa?
„Þessu er fljótsvarað. Hinn fullkomni dagur væri að rölta dalinn og kíkja svo á leik á Kópavogsvelli. Úrvalið í sjoppunni hefur aldrei verið betra!"

Hvernig er stemningin fyrir Íslandsmótið?
„Stemningin er rosalega góð, við ætlum okkur stóra hluti í sumar og hvetjum alla til að koma á völlinn og styðja við bakið á okkur."

Jóna Kristín tilnefnir Arnór Svein Aðalsteinsson sem næsta Kópavogsbúa mánaðarins.

Á DÖFINNI

Leiklistaviðburður í Kópavogi

Nafnlausi leikhópurinn verður með leiklestur (samlestur), á leikritinu „Maður og kona" eftir Emil Thoroddsen og Indriða Waage eftir sögu Jóns Thoroddsen af leiksviði Leikhússins að Funalind 2, sunnudaginn 31. maí 2015 klukkan 16. Einungis verður um þessa einu sýningu að ræða. Leikritið er leiklesið af félögum úr Nafnlausa leikhópnum, Leikfélagi Kópavogs, Kvæðamannafélaginu Iðunni og öðrum leikurum. Leikstjóri er Þórir Steingrímsson.

Á DÖFINNI

Flugdrekadagur í dag á Bókasafninu

Í dag, laugardaginn 30. maí, er hinn árlegi Flugdrekadagur á túninu við Safnahúsið þar sem allir eru velkomnir með flugdrekana sína. Á Bókasafninu verður boðið upp á námskeið í flugdrekagerð frá klukkan 13-16. Vegna mikillar aðsóknar á fyrri námskeið verður að takmarka fjölda sem kemst að í einu á námskeiðið, en einn tekur við þegar annar klárar að smíða sinn flugdreka svo að allir ættu að fá kennslu. Námskeið og efni er alveg ókeypis fyrir þátttakendur.

ORMADAGAR

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ KÓPAVOGS 2015

„Gamalt og nýtt“

DAGSKRÁ

Laugardagur 30. maí

12–18	Blöðrubolti, risakeilur, ringulreið og leikir fyrri tíma á Borgarholti.
13–13:30	„Syngjum saman“ – kór Kársnesskóla syngur í Kópavogskirkju.
13–13:45	Dönsum öll í hring með Elínu Svövu og Þjóðdansafélaginu í Tónlistarsafni.
13–16	Flugdrekanámskeið í Bókasafni Kópavogs, 1. hæð.
13–17	Leikfangasýning frá Árbæjarsafni á 2. og 3. hæð bókasafnsins.
13–17	Ormasýning og fræðsla í Náttúrufræðistofu
13–17	„Dans á eftir ...“ – sýning, kaffi, kleinur og stemning í Tónlistarsafni.
14–16	„Gneggjar, tístir, syngur“ – tónleikar í Salnum. Kór Kársnesskóla, þjóðlagahópur Tónlistarskóla Kópavogs og barnahópur Þjóðdansafélags Reykjavíkur.
15–16	„Birting“ – fjölskyldusmiðja í Gerðarsafni.

Sunnudagur 31. maí

11–12	Barnamenningarmessa í Kópavogskirkju með kór Kársnesskóla og nemendum Tónlistarskóla Kópavogs.

Aðgangur er ókeypis á alla viðburði Ormadaga.

Skoðaðu dagskrána á ormadagar.is.

1955 60 2015

FÓTAAÐGERÐAFRÆÐINGUR

Fótaaðgerðafræðingurinn Ester Ósk Aðalsteinsdóttir hefur flutt aðstöðu sína í Sunnuhlíð og býður nýja og gamla viðskiptavini velkomna.

Tekið er á móti pöntunum í síma 694 1710

Atvinnuauglýsing

Óskað er eftir 63 heiðarlegum Íslendingum til starfa

Leitað er að fjölbreytilegum hópi fólks af báðum kynjum og öllum gerðum, með allskonar menntun og reynslu.

Starfið felst aðallega í því að vinna að heildarhagsmunum almennings, landi og þjóð til framfara og heilla.

Hverskonar tengsl við sérhagsmuni sem vinna gegn heildarhagsmunum almennings eru óæskileg og ógilda umsóknina.

Umsóknir berist til Dögunar stjórnmálasamtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði á netfangið ***xdogun@xdogun.is***

OPNUNARTÍMI
mán–fös 10.30-18.30
Lau 11.00-14.00

FYLGIFISKAR
Sérverslun með sjávarfang

Fylgifiskar | Nýbýlavegi 4 · sími 533 1303 | Suðurlandsbraut 10 · sími 533 1300

LJÓSLEIÐARI

Heimili í Kópavogi fá 1 Gb/s samband á afmælisári Kópavogsbæjar

Kópavogsbær og Gagnaveita Reykjavíkur hafa undirritað viljayfirlýsingu um aukinn uppbyggingarhraða Ljósleiðarans í bæjarfélaginu. Í tilkynningu frá bænum kemur fram að allir nýir viðskiptavinir Gagnaveitu Reykjavíkur í Kópavogi munu fá búnað sem ræður við 1 Gb/s gagnahraða. Með þessu er Gagnaveitan að koma Kópavogsbæ í fremstu röð bæjarfélaga í fjarskiptum en 64% heimila í munu í lok árs hafa aðgengi að hraðasta Interneti á landinu. Ljósleiðaravæðingu bæjarins lýkur síðan fyrir lok ársins 2017 en þá munu öll heimili í bænum hafa aðgengi að Ljósleiðaranum.

„Þetta eru góð tíðindi á afmælisári bæjarins. Við erum ánægðir með að Gagnaveitan hafi komið til móts við óskir okkar í Kópavogsbæ um að hraða uppbyggingu ljósleiðara til þess að svara þörf okkar á hraðari gagnaflutningum. Ljósleiðarinn er lykill að skjótum og greiðum viðskiptum og samskiptum í atvinnulífi, ásamt því að vera tækni sem eykur lífsgæði almennings. Hraðari gagnaflutningar hjálpa okkur einnig við að ná markmiðum í spjaldtölvuvæðingu skóla bæjarins," segir Ármann Kr. Ólafsson, bæjarstjóri í Kópavogi.

Það var af mikilli framsýni sem farið var í ljósleiðaravæðingu til heimila á Íslandi fyrir um 10 árum síðan. Í árslok 2015 munu 70.000 heimili á Íslandi verða tengd Ljósleiðaranum. Nú þegar er Ísland á meðal tíu efstu þjóða Evrópu í dreifingu á ljósleiðara með 55% heimila sem hafa aðgengi að öflugum ljósleiðara.

„Ljósleiðarinn er nauðsynlegur fyrir þá byltingu sem framundan er í snjallvæðingu heimila. Með ljósleiðara Gagnaveitunnar ná viðskiptavinir hröðustu tengingu á Íslandi. Þjónusta sjónvarpsveitna og miðlun myndefnis af öllu tagi kallar á öflugra og hraðara netsamband. Gagnaveita Reykjavíkur er vel í stakk búin til að svara þessu kalli og horfir enn lengra fram á veginn í þessari tæknivæðingu. Þannig fylgjum við eftir þeirri þróun sem á sér stað hjá framsæknustu gagnaveitum heims," segir Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gagnaveitu Reykjavíkur.

VORHREINSUN

Íbúar við Engihjalla fegra umhverfið

Bílaplön voru hreinsuð, rusl tekið af lóðum og hreinsað var úr geymslum í árlegri vorhreinsun við Engihjalla á dögunum. Gróðursett voru 60 tré af tilefni 60 ára afmæli bæjarins og grunnur lagður að endurbótum á lóðinni með því að fjarlægja gamlar hellur og rýma fyrir nýjum.

SÖGUGANGAN

Metþáttaka

Metþátttaka var í fræðslu- og skemmtigöngu Sögufélagsins um svæðið í kringum jarðirnar Sæból, Marbakka og Brúarós um miðjan maímánuð. Sagt var frá lífi og starfi fólksins sem þarna bjó og herskálabyggðinni sem var umtalsverð. Göngustjóri var Gunnar Marel Hinriksson skjalavörður.

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

251 nemi útskrifast

Á þessu vori fóru fram tvær útskriftir frá Menntaskólanum í Kópavogi við hátíðlegar athafnir í Digraneskirkju. Alls útskrifuðust 66 stúdentar og 43 iðnnemar. Þá brautskráðust 19 ferðafræðinemar, 50 leiðsögumenn, 24 nemar af skrifstofubraut, 23 matsveinar, 21 úr meistaraskóla matvælagreina, 3 úr hótelstjórnunarnámi César Ritz og 2 af starfsbraut. Alls voru brautskráðir 251 nemi frá Menntaskólanum í Kópavogi á þessu vori.

Ný skólanámskrá, 3ja ára framhaldsskóli

Í máli Margrétar Friðriksdóttur, skólameistara, kom fram að miklar breytingar eru nú í vændum þar sem kennsla hefst eftir nýrri skólanámskrá næsta haust, sem verið er að leggja lokahönd á. Allir nemar sem innritast í bóknám nú í vor fara í 3ja ára nám til stúdentsprófs auk þess sem sveigjanleikinn verður meiri og valfrelsi nemenda aukið.

Umhverfisvika og jafnréttisdagar

Við upphaf skólaárs var umhverfisvika þar sem hápunkturinn var að skólinn hóf flokkun á sorpi sem er umfangsmikið verkefni í stórum og fjölbreyttum skóla eins og MK. Þá var hin árlega jafnréttisvika á vorönn með fjölbreyttri dagskrá og málþing um kynjafræði sem Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra setti en 200 framhaldsskólanemar alls staðar að af landinu tóku þátt í því. Skólinn hefur þrisvar hlotið viðurkenningar fyrir störf sín að jafnréttismálum og einu sinni að umhverfismálum.

Níu erlend samstarfsverkefni

Kennarar og nemendur voru á ferð og flugi auk þess sem gestkvæmt var í MK. Fram kom að skólinn tekur nú þátt í níu mismunandi erlendum samstarfsverkefnum meðal annars um notkun hugbúnaðar í stærðfræðikennslu, notkun á nýjum samfélagsmiðlum, sjálfbærni, frumkvöðlafræði og um vísindi og orku svo nokkuð sé nefnt. Nemendahópar fóru til Danmerkur, Ítalíu og Svíþjóðar og nemar í matreiðslu og framreiðslu tóku þátt í Norrænu nemakeppninni.

Góður námsárangur

Varaforseti bæjarstjórnar, Ólafur Þór Gunnarsson afhenti útskriftarnemum viðurkenningar

úr Viðurkenningarsjóði MK sem stofnaður var af bæjarstjórn Kópavogs árið 1993. Tveir nemar hlutu viðurkenningu að þessu sinni: Nýstúdent Davíð Örn Jensson og nýsveinn Íris Björk Óskarsdóttir.

Rótarýstyrkir

Rótarýklúbbur Kópavogs veitti nýstúdent Davíð Erni Jenssyni verðlaun fyrir góðan árangur í raungreinum, Rótarýklúbburinn Borgir í Kópavogi veitti nýsveini í bakaraiðn Írisi Björk Óskarsdóttur, verðlaun fyrir góðan námsárangur í iðnnámi og Rótarýklúbburinn Þinghóll veitti nýstúdent Bryndísi Helgu Jónsdóttur verðlaun fyrir góðan árangur í félagsgreinum.

TENNISHÖLLIN SUMAR 2015

Tennis- og leikjaskólinn

fyrir börn 5-13 ára

Hinn sívinsæli Tennisskóli Tennishallarinnar og TFK hefst 12.júní.



1. námskeið 12.júní – 26.júní
2. námskeið 29.júní – 10.júlí
3. námskeið 13.júlí – 24.júlí
4. námskeið 27.júlí – 7.ágúst
5. námskeið 10.ágúst – 21.ágúst

Hægt er að taka námskeið sem stendur frá kl.9-12 eða frá kl.13-16
eða allan daginn. Gæsla frá kl.7.30-17.15.
Verð fyrir 2 vikna námskeið er 21.800 kr.
hálfan daginn en 31.800 kr. fyrir allan daginn.
Hægt er að taka hluta af námskeiði t.d eina viku.

Tennisæfingar fyrir 13-18 ára

Byrjendur sérstaklega velkomnir

Tennisæfingar fyrir 13-18 ára unglinga verða haldnar mánudaga til fimmtudaga frá kl.16.30 - 18.00.

Námskeiðsgjaldið fyrir sumarið: 34.900 kr.

Tennisakademian í sumar

Tennisakademian er hugsuð fyrir börn og unglinga sem vilja ná miklum framförum í tennis á stuttum tíma.

Aðalþjálfarar eru Jón Axel Jónsson og Milan Kosicky en bræðurnir Magnús Gunnarsson og Birkir Gunnarsson Íslandsmeistari í tennis munu aðstoða þá.

Sumarkort í tennis

Með sumarkorti í tennis getur þú spilað eins oft og þú vilt í sumar bæði á innivöllum og útivöllum.

Verð á sumarkortum er:
Einstaklingskort: 24.900 kr.

Fyrir vetraráskrifendur aðeins 19.900 kr.
Para og fjölskyldukort 18.450 kr. á mann og börnin 16 ára og yngri spila frítt.

Athugið: Börn og unglingar 16 ára og yngri geta spilað án endurgjalds þegar vellir eru lausir.

Gildir til 17. ágúst 2015

Frábært sumartilboð
10 tíma byrjendanámskeið í tennis og sumarkort á 39.900 kr.

Tvíliðaleikskeppni kvenna

Settur verður upp tvíliðaleiks áskorendalisti kvenna. Spilaður verður tvíliðaleikur á þriðjudögum kl. 18:00.

Frjáls mæting en þau lið sem eru næst á listanum spila saman hverju sinni.

Tennisnámskeið fyrir fullorðna

Í sumar verða haldin mörg skemmtileg námskeið fyrir fullorðna, algjöra **byrjendur og lengra komna**.

Fjórir til fimm eru á hverju námskeiði yfirleitt tvisvar í viku eftir vinnu eða á öðrum tímum. Spaðar og boltar á staðnum.

Verð er 28.900 kr.
fyrir 10 tíma námskeið

20% afsláttur ef fjórir koma saman.

Sumarstigakeppni í tennis

Keppt er í hverri viku í 3 manna riðlum. Ef þú vinnur ferðu upp stigann. Þessi keppni er frí fyrir sumarkortsmeðlimi og þá sem æfa í sumar.

Opnir tímar

Karlakvöldin eru á mánudagskvöldum og fimmtudagskvöldum kl. 20-22.
Kvennatímar eru kl.12-13 á mánudögum og á miðvikudögum kl. 20-21.

Opnir tímar (ITN 6-9) verða á miðvikudögum kl. 12-13.
Opnir tímar (ITN 1-6) eru á föstudögum kl. 12-13.

Tekið er sérstaklega vel á móti nýjum þátttakendum. **Verð er 1.500 kr.** skiptið en ókeypis er fyrir þá sem eru með sumarkort eða árskort.

Tennishöllin Kópavogi
Mán.til fim. 7.45–22.00 | Föst. 7.45–20.00
Laug.10–17 | Sun.11–18
Dalsmára 13 | sími 564 4030
tennis@tennishollin.is | www.tennishollin.is

TFG

TFK

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

BRÉF TIL BLAÐSINS

Kópavogskaupstaður 60 ára

Ýmsum hefur þótt Kópavogur næsta ómerkilegt pláss fyrir sakir ungs aldurs og grunnra róta. Það er þess vegna þeim mun ánægulegra að sjá þann gríðarlega áhuga á sögu þessa samfélags sem birtist í starfi Sögufélags Kópavogs. Þegar fundir eru haldnir undir þaki eru salir troðnir af fólki og þegar farið er í sögugöngur teppist umferð þegar áhugasamir stika um götur bæjarins. Þá gildir einu hvers konar veður Guð hefur valið þann daginn. Sögugangan þann 16. maí var engin undantekning. Þar hefðu betur mætt ýmsir þeirra sem skrifuðu mærðargreinar í bæjarblöð sem komu út í sínu fínasta pússi í tilefni 60 afmælis kaupstaðarins.

Dr. Þorleifur Friðriksson, sagnfræðingur.

Í afmælisblöðum var tvent sem pirraði suma frekar en annað. Það fyrra er hversu margir töldu sig vera að fagna merkisafmæli ,,bæjarins". „Bærinn" átti ekkert sérstakt afmæli heldur kaupstaðurinn. Hann varð sextugur. Hið síðara er að það er engin ástæða til þess að fagna því að hreppur breytist í kaupstað. Það er mannana verk og í þessu sambandi var það knúið í gegn af andstæðingum meirihluta hreppsstjórnar og gegn vilja meirihluta hreppsbúa.

Saga úr fortíð

Vorið 1955 var á Alþingi borin fram tillaga um að gera Kópavogshrepp að kaupstað. Mál þetta var sérstætt vegna þess að tillagan var flutt að beiðni þriggja sjórnmálafélaga stjórnarandstöðunnar í hreppnum, Sjálfstæðisflokks-, Framsóknarflokks- og Alþýðuflokksfélagsins. Flokkarnir þrír höfðu nokkru áður látið safna undirskriftum með áskorun til alþingis um að gera Kópavog að kaupstað. Þegar kaupstaðarmálið var rætt á hreppsnefndarfundi 21. mars 1955 lagðist meirihluti hreppsnefndar gegn tillögunni eins og hún var til komin, en kvaðst beygja sig fyrir vilja meirihluta íbúanna. Þeir vildu þess vegna láta fara fram „almenna leynilega atkvæðagreiðslu um málið" og yrði jafnframt leitað álits kjósenda um það, „hvort þeir óski eftir sameiningu hreppsins við Reykjavíkurbæ." Minnihluti hreppsnefndar snerist gegn og benti á að 750 atkvæðabærir íbúar Kópavogs hafi þegar skrifað undir áskorun til alþingis auk þess sem almenn atkvæðagreiðsla myndi aðeins tefja málið. Meirihluti hreppsnefndar bar hins vegar brigður á áreiðanleik undirskriftanna 750 og sögðu að 224 þeirra væru nöfn fólks sem ekki væri á kjörskrá í Kópavogi,- þar á meðal væru nokkur börn og útlendingar. Svar hreppsstjórnar var að efna til atkvæðagreiðslu um það hvort gera ætti hreppinn að kaupstað og hvort ekki væri nær að sameina Kópavog Reykjavík. Atkvæðagreiðslan fór fram sunnudaginn 24. apríl gegn vilja þríflokkanna sem hvöttu bæjarbúa til að sitja heima. Þátttakan varð því dræmari en ella, en mikill meirihluti þeirra sem þátt tóku féllst á rök hreppsstjórnar gegn kaupstaðarmyndun og vildi sameiningu við Reykjavík. Í framhaldi af þessari niðurstöðu ritaði hreppsnefndin bréf til borgarstjórnar með ósk um sameiningarviðræður, en af einhverjum ástæðum hefur svar enn ekki borist nú sextíu árum síðar.

Sex sveitarsjórnarkosningar á einum áratug

Í pólitísku éljakófi kalda stríðsins voru vindar óvíða svo kaldir sem í Kópavogi. ,,Litla Palestína" var þetta „friðsæla" samfélag á hálsinum stundum nefnt. Svo hörð voru átökin þar að á árunum 1946 - 1955 fóru þar fram sex sveitarstjórnarkosningar, en ekki þrennar eins og lög gerðu ráð fyrir. Mest varð heiftin í átökum sem gengu yfir á árunum 1954-1955. Foringi hreppstjórnar, Finnbogi Rútur Valdimarsson, hélt því fram í umræðum á Alþingi að tilgangurinn með tillögunni væri sá einn að „rífa niður löglega kosna héraðsstjórn," að knýja fram nýjar kosningar löngu áður en kjörtímabil hreppsnefndar rynni út. Ef svo var mistókst ráðagerðin því listi Óháðra, meiri hluta hreppsnefndar, fékk nokkru fleiri atkvæði en hinir þrír flokkarnir til samans.

Kópavogshreppur varð kaupstaður í trássi við vilja meirihluta hreppsnefndar og sem afleiðing af pólitískri gerningarhríð í köldu stríði. Ef við færum niðurstöðuna lítið eitt í stílinn getum við sagt að Kópavogsbúar hafi verið vandræðafólk í augum nábúanna. Fyrst var þeim sparkað út úr Seltjarnarnesshreppi, samfélagið gert að sérstökum hreppi án þess að þaðan hafi komið ósk um slíkt og hreppurinn síðar gerður að kaupstað í trássi við vilja meirihluta hreppsstjórnar. Þegar svo fram komu óskir um að sameinast Reykjavík var þeirri ósk svarað með djúpri þögn.

> **Þegar svo fram komu óskir um að sameinast Reykjavík var þeirri ósk svarað með djúpri þögn**

Frá fortíð til framtíðar

Í göngu Sögufélagsins rifjaðist þessi saga upp. Þessi saga fortíðar, róta Kópavogskaupstaðar. Sennilega vorum við mörg í göngunni sem veltum því fyrir okkur hvort ekki væri tími til kominn að taka upp 60 ára gamlan þráð og leita eftir sameiningu Kópavogs og Reykjavíkur. Við það myndu himnarnir hvorki hrynja né gerast nein heimsundur önnur en að bærinn yrði hluti af borg og við íbúarnir fengjum að njóta hagkvæmni stærðarinnar.

ATVINNULÍF

Smiðjutorg er nýjasta verslunarmiðstöð Kópavogs

Finnbogi Geirsson hjá Stjörnublikk í Smiðjutorgi.

Gamla Víðishúsið við Smiðjuveg, sem margir muna eftir, og hýsir nú fjölbreytta starfsemi eins og Bónus, Apótekið, Pizza 67, Stjörnublikk, Grillbúðina, Euroshop, Rúmgott og Bifreiðaverkstæði Kópavogs, hefur nú fengið nýtt nafn og kallast nú Smiðjutorg. Húsið á sér merkilega sögu en um árið 1970 var þetta stærsta hús landsins að gólffleti, um 8 þúsund fermetrar. Guðmundur Guðmundsson, löngum kenndur við trésmiðjuna Víðir, sem jafnan var kallaður „Guðmundur blindi," lét reisa húsið en það var eitt af fyrstu húsum Smiðjuhverfis. Stjörnublikk er eigandi hússins að stærstum hluta í dag og forstjóri þess, Finnbogi Geirsson, átti hugmyndina að nefna húsið Smiðjutorg.

„Mér fannst tilvalið að nefna þetta hús Smiðjutorg sem samheiti yfir þá fjölbreyttu starfsemi sem hér fer fram," segir Finnbogi. „Lengi vel var miðja höfuðborgarsvæðisins á gafli þess, þar sem Bifreiðaverkstæði Kópavogs er nú, en miðjan gæti hafa færst eitthvað með þróun byggðar. Þetta er samt gríðarlega góð staðsetning með auðveldu aðgengi og fjölbreyttri þjónustu; allt frá pizzum og mat til blikksmiðju og bílaviðgerða," segir Finnbogi Geirsson hjá Stjörnublikk í Smiðjutorgi.

MENNING

Ný menningarstefna samþykkt

Ný menningarstefna Kópavogsbæjar var samþykkt einróma á fundi bæjarstjórnar nýverið. Stefnan nær til alls lista- og menningarstarfs á vegum bæjarins og þar með til menningarhúsanna: Salarins, Gerðarsafns, Bókasafns Kópavogs, Náttúrufræðistofu Kópavogs, Héraðsskjalasafns Kópavogs og Tónlistarsafns Íslands. Stefnan var unnin í víðtæku samráði við flesta sem hafa með einum eða öðrum hætti komið að lista- og menningarstarfi í bænum undanfarin ár. Karen Elísabet Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs segir að fyrri stefna hafi verið frá árinu 2006 og því löngu tímabært að bæta hana. „Aðferðarfræðin við þessa stefnu var allt önnur en áður hafði verði gert, sem lýsti sér meðal annars í víðtæku samráði við hagsmunaaðila sem boðaðir voru á hugarflugsfund, sem og bæjarfulltrúa og starfsmanna menningarstofnanna okkar. Mæting á þessa fundi var vonum framar en að sjálfsögðu sáu ekki allir boðaðir sér fært að mæta, en var frjálst að koma sínum athugasemdum að í gegnum forstöðumann Listhúss Kópavogs, Örnu Schram, sem að öllum ólöstuðum leiddi þetta verkefni af miklum myndarskap. Niðurstaðan er heildræn sýn til framtíðar um menningu og listir í Kópavogi. Við höfum hér yfir að ráða glæsilegum byggingum sem verkefnið núna snýr að að nýta þau og leyfa íbúum ungum sem öldnum að njóta þeirra," segir Karen og bætir því við að til að ná markmiðum þarf auðvitað að fylgja fjármagn sem hver bæjarstjórn fyrir sig getur ákveðið. „Ég vil hins vegar árétta að við höfum spilað afar vel úr þeim fjármunum sem við höfum haft þrátt fyrir mikinn niðurskurð til þessara málaflokks árin eftir hrun. Það er hins vegar langhlaup að fylgja eftir nýrri stefnu og krefst þess að allir leggist á eitt bæði kjörnir fulltrúar, starfsmenn, bæjarbúar og síðast en ekki síst listamenn til þess að draga fram það jákvæða starf sem á sér stað nú þegar í Kópavogi til þess að réttlætanlegt sé að gefa enn frekar í þennan málaflokk sem gerður er til þess að fegra lífið og bæinn okkar."

Karen Elísabet Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráðs.

Í stefnunni er meðal annars talað um að skerpa og draga fram sérstöðu menningarhúsa bæjarins, auka samstarf þeirra í millum, efla enn frekar menningarfræðslu barna og ungmenna og nýta almenningsrými í auknum mæli undir listir og menningarviðburði. „Þetta má til dæmis þegar sjá í ákveðnum listahátíðum sem framundan eru og hafa verið, þar má nefna RIFF og í nýrri alþjóðlegri listahátíð 13. til 16. ágúst sem ber nafnið: Cycle Music and Art Festifal. Þessi hátíð er styrkt af lista- og menningarráði. Hátíðin fer aðallega fram í Hamraborg, Salnum og Gerðarsafni auk þess sem óhefðbundnar staðsetningar og almenningsrými verða notuð fyrir tónleika, uppákomur og innsetningar. Áhersla verður lögð á samtímatónlist í samvinnu við önnur listform, svo sem gjörningalist, myndlist, hljóðlist og arkitektúr," segir Karen Elísabet Halldórsdóttir, formaður lista- og menningarráð Kópavogsbæjar.

LJÓÐ

Út í vorið

Fimmtánda ljóðabók Ljóðahóps Gjábakka er komin út. Þrettán manns störfuðu í Ljóðahópnum í vetur en einn úr hópnum, Kjartan Trausti Sigurðsson, lést í apríl. Ljóðabókin er tileinkuð minningu þess mæta manns. Í Ljóðabókinni er að finna 36 áður óbirt ljóð. Höfundar gefa bókina út á þessu vori án styrks frá Kópavogsbæ þar sem Lista- og menningarráð Kópavogs hafnaði að styrkja verkefnið. Bókin er til sölu í afgreiðslu Gjábakka og kostar kr. 1.000. Einnig geta áhugasamir haft samband við Sigurbjörgu í síma 896 9774.

Mynd: Haukur Bergsteinsson

KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

Ný verslun í Hamraborg

Þökkum fyrir frábærar móttökur

Opið alla daga

10-21

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

1

allt í köku

Smiðjuvegi 9
200 Kópavogur
Sími: 567 9911
Sími: 898 4359

2

AXIS

Smiðjuvegi 9
200 Kópavogur
Sími: 535 4300
Fax: 535 4301

3

bfo.is

Smiðjuvegi 22 (Græn gata)
200 Kópavogur
S: 567 7360

4

BÍLASTOÐ
réttingar & sprautun

Smiðjuvegur 38 (Rauð gata)
200 Kópavogur
Sími: 564-0606
Bilastod.is

5

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, 200 Kóp - Sími 554 0400

11

Pólýhúðun
Powder coating
Smiðjuvegi 3 - 200 Kópavogur - Sími 544 5700 - www.polyhudun.is

Duftlökkum og sandblásum alla málma

12

PÚST

Smiðjuvegi 50, (Rauð gata)
200 Kópavogi
Sími: 564 0950
www.pustkerfi.is

13

RÉTTINGAVERKSTÆÐI
HJARTAR
Réttum og málum allar tegundir bíla.
Tjónaskoðun.
Útvegum bílaleigubíla.
Viðurkennt CABAS verkstæði
TOYOTA ÞJÓNUSTA
Smiðjuvegi 56 (rauð gata) Kópavogi, sími 587 9020
rettingar@rettingar.is

14

SÉRMERKT

Smiðjuvegur 11
(Gul gata)
200 Kópavogur
Sími: 557-8200
info@sermerkt.is
www.sermerkt.is
www.golfkulur.is

15

BLIKKÁS – FUNI

Smiðjuvegi 74
200 Kópavogur
Sími: 515 8700
www.funi.is
www.bilkkas.is

6

HEGAS

Smiðjuvegur 1
Sími: 580-6700
www.hegas.is
hegas@hegas.is

7

IÐNVELAR

Smiðjuvegi 44
200 Kópavogur
Sími: 414 2700

8

TENGI

Smiðjuvegi 76
200 Kópavogur
Sími: 414 1000

9

KJÖTHÚSIÐ
Kjötvinnsla

Smiðjuvegi 24d
200 Kópavogur
Sími: 557 8833

10

PRENTSMIÐJAN VIÐEY

Smiðjuvegi 18 (rauð gata) • 200 Kópavogur
Sími 577 4646 • www.videy.is • videy@videy.is

Fyrirtæki í Smiðjuhverfi

16

zenus

Zenus húsgagnaframleiðsla, íslensk hönnun & framleiðsla, gluggatjöld frá Luxaflex, áklæði, hreinsiefni fyrir leður og tau

Sýningarsalur: Smiðjuvegur 9
200 Kópavogur
Heimasíða: www.zenus.is
Facebook: www.facebook.com/zenus.is

17

PIZZA 67

Smiðjuvegi 2
200 Kópavogi
Sími: 520 6767

18

STJÖRNUBLIKK
Snögg og góð þjónusta!

Smiðjuvegi 2
200 Kópavogi
Sími: 577 1200

19

viftur.is
-og allt sem fylgir með

Smiðjuvegi 4a
200 Kópavogi
Sími: 566 6000

20

Myndlistarskóli Kópavogs

Smiðjuvegi 74 (Gul gata)
200 Kópavogi
Sími: 564 1134
Sími: 564 1194

ÁLYKTUN

Betur má ef duga skal á Kópavogstúni

Í samræmi við 8. gr. laga Kópavogsfélagsins var félaginu slitið þann 11. maí 2015, á 60 ára afmælisdegi Kópavogskaupstaðar. Félagið var stofnað í mars 2013 samkvæmt einróma samþykkt bæjarstjórnar Kópavogs 22. janúar sama ár og voru stofnfélagar um 80 talsins. Samhliða samþykkt um stofnun félagsins samþykkti bæjarstjórn þá jafnframt einróma framkvæmdaáætlun sem gerði ráð fyrir að endurbótum á Hressingarhælinu og Kópavogsbænum og umhverfi húsanna á Kópavogstúni yrði lokið og starfsemi hafin í þeim í dag, 11. maí 2015. Um leið og stjórn Kópavogsfélagsins fagnar þeim endurbótum sem þegar hafa verið gerðar á umræddum byggingum lýsir hún vonbrigðum með tregðu bæjaryfirvalda til að fylgja þeirri framkvæmdaáætlun sem samþykkt var í janúar 2013.

Meginverkefni Kópavogsfélagsins var að ljúka hugmyndavinnu um starfsemi í Hressingarhælinu og Kópavogsbænum og er stjórn félagsins afar þakklát þeim fjölmörgu félagsmönnum og öðrum áhugasömum bæjarbúum sem tóku þátt í hugmyndavinnunni. Stjórn Kópavogsfélagsins skilaði tillögum sínum til bæjarstjórnar og voru þær samþykktar einróma í bæjarstjórn 10. júní 2014. Samþykkti bæjarstjórn þá að fela bæjarstjóra að hefja undirbúning að starfsemi í Hressingarhælinu og Kópavogsbænum. Starfsemin skyldi rekin sameiginlega undir heitinu Lista- og menningarsetrið á Kópavogstúni. Samkvæmt fyrri samþykkt bæjarstjórnar átti þessi starfsemi að hefjast 11. maí 2015. Stjórn Kópavogsfélagsins er ekki kunnugt um að bæjarstjóri hafi hafið undirbúning að starfseminni eins og bæjarstjórn fól honum þó með samþykkt sinni 10. júní 2014.

Margt hefur áunnist í málefnum Kópavogstúns og hinna merku bygginga þar síðan starfshópur var stofnaður snemma árs 2012 til að huga að endurreisn bygginganna. Húsunum hefur verið bjargað frá glötun og raddir um að láta þau víkja heyrast ekki lengur. Fyrir liggur raunhæf áætlun um endurreisn bygginganna ásamt samþykkt bæjarstjórnar um starfsemi í þeim.

En betur má ef duga skal. Stjórn Kópavogsfélagsins hvetur bæjaryfirvöld til þess að finna hjá sér aukinn metnað til þess að fylgja samþykktum sínum eftir. Sjálft Kópavogstún er ein af perlum Kópavogs. Þar er að finna afar merkilegar minjar úr sögu bæjarins og þjóðarinnar. Kvenfélagið Hringurinn sýndi einstakan stórhug þegar það reisti Hressingarhælið fyrir berklasjúka 1926 og rak Kópavogsbýlið af miklum myndarskap um árabil. Bærinn þar er einmitt vitnisburður um búsetu og búskaparhætti kynslóðanna. Það væri til marks um virðingu okkar sem nú lifum í garð fyrri kynslóða að sýna byggingunum og sögu þeirra þá virðingu að ljúka endurreisn þeirra og hefja þar starfsemi hið fyrsta.

Kópavogstúni, 11. maí 2015
Stjórn Kópavogsfélagsins
Margrét Björnsdóttir, formaður.
Garðar H. Guðjónsson, varaformaður. Kristinn Dagur Gissurarson, gjaldkeri. Hrafn Andrés Harðarson, ritari. Valgerður Einarsdóttir, meðstjórnandi. Þorleifur Friðriksson, meðstjórnandi

AÐSENT

Enginn styrkur fyrir efnilegt ungt tónlistarfólk

Pétur Hrafn Sigurðsson, oddviti Samfylkingarinnar í Kópavogi.

Bæjarráði Kópavogs barst beiðni um að fjórum til sex af efnilegustu unglingum Kópavogs í tónlist yrði gefið tækifæri til að stunda sína list hjá Maximum Músikús undir handleiðslu færustu kennara. Hugmyndin er að unglingarnir geti mætt í Hörpu og stundað sína list virka daga í stað þess að mæta í vinnuskóla Kópavogs. Þannig gæti Kópavogsbær stutt við bakið á okkar færustu unglingum í tónlist. Enginn aukakostnaður fylgir hugmyndinni þar sem allir sem sækja um í vinnuskólanum fá vinnu og þar af leiðir að umræddir unglingar munu fá vinnu í vinnuskólanum kjósi þeir svo. Auk þess að stunda sína list, var hugmyndin að unglingarnir fari með afrakstur vinnunar í sína heimabyggð og spili fyrir Kópavogsbúa. Meirihluti Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks sá enga möguleika á að verða við þessari beiðni. Enginn áhugi var á að nýta möguleika til að styðja við bakið á þessu unga og efnilega tónlistarfólki. Málið var fellt í bæjarráði með þremur atkvæðum Bjartrar framtíðar og Sjálfstæðisflokks gegn atkvæðum Samfylkingar og VG.

Pétur Hafn Sigurðsson
Bæjarfulltrúi Samfykingarinnar.

SÖGUFERÐ

70 ár frá stríðslokum

Í sumar munu Söguferðir efna til tveggja ferða þar sem sérstaklega verður farið um slóðir sem tengjast seinni heimstyrjöld. Í ágúst verður farin 14 daga ferð til Berlínar og Póllands. Ferð hefst með því að flogið verður til Berlínar. Þar skoðum við ýmislegt sem minnir á valdatíma nasista, þ.á.m. Ríkisþinghúsið, Ólimpíuleikvanginn, leifarnar af aðalstöðvum Gestapó og Gyðingasafnið.

Á öðrum degi verður ekið til hinnar fögru borgar Wroclaw, sem var þýsk fram yfir stríð og hét þá Breslá. Á síðustu dögum stríðsins var borgin vettvangur einhverra grimmustu átaka þessa mesta hildarleiks mannkynssögunnar. Á leið þangað munum við gefa okkur tíma til þess að skoða þann stað sem stundum hefur verið nefndur ,,háskóli helfararinnar" Sachenhausen, þar sem Leifur Muller var fanginn í á þriðja ár. Meistaraverk þeirra Leifs og Garðars Sverrissonar, Býr Íslendingur hér? fjallar um dvöl hans í því manngerða helvíti. Nýlega var þessa minnst með endurútgáfu minniga Leifs, Í fangabúðum nasista, sem fyrst komu út haustið 1945.

Næsta dag verður haldið til Kraków. Við skoðum verksmiðju Sindlers, Gyðingahverfið Kazimierz, gettóið og útrýmingarbúðirnar Auchwitz-Birkinau. Að sjálfsögðu verður svo tími til þess að skoða fegurðina, borgina sjálfa og saltnámurnar í Wielicka.
Eftir þriggja daga dvöl í Kraków verður ekið í átt til Varsjár. Á leiðinni þangað verður gist eina nótt í borgarinnar Lods. Þar var gyðingahverfi sem lítt hefur breyst í 70 ár nema hvað flestir, ef ekki allir Gyðingar eru horfnir. Flestir fóru sömu leið í skelfingu helfararinnar.

Í Varsjá munum við stoppa í tvær nætur og skoða stríðsminjasafnið og safn um uppreisnina í ágúst 1944. Við munum ganga um þar sem gettóið var eitt sinn og velta fyrir okkur hlutskipti Póllands í og eftir seinni heimstyrjöld. Að sjálfsögðu munum við líka njóta fegurðar þessarar yndislegu höfuðborgar.

Að tveimur dögum liðnum verður haldið til ,,úlfagrenis Hitlers, ekki langt frá Kaliningrad. Við dveljum tvær nætur á góðu spa-hóteli ekki langt þar frá, förum í dagsferð þangað sem stríðinu á austurvígstöðvunum var stjórnað, þar sem Hitler og hans nánustu héldust við samfelt í um 800 daga frá því að innrásin í Sovétríkin hófst í júní 1941 til hausts 1944. Það er hreint ótrúlegur staður að skoða.

Seinni daginn gefst fólki kostur á að leigja sér hjól, ganga, fara í siglingu um vötnin eða einfaldlega slappa af í náttúruparadísinni Masúríu, sem Pólverjar nefna stundum ,,Grænu lungun sín".

Loks verður ekið til fegurstu Hansaborgar heims, Gdansk, þar sem hildarleikurinn hófst. Þar skoðum við það sem eftir er af herstöðinni á Westerplatte, förum til Stutthof, fyrstu fanga- og útrýmingarbúða nasista í Póllandi, við skoðum Pólska póshúsið þar sem starfsmenn börðust við ofurefli þar til uppgjöf var ekki umflúin og voru þá leiddir út í garð og skotnir allir sem einn. Nú er þessarar skelfingar minnst þar í garðinum með verki sem lætur engan ósnortinn. Við dveljum í Gdansk í þrjár nætur og fljúgum þaðan heim á leið.

Seinni ferðin verður frá 31. ágúst til 11. september. Hún verður svipuð þeirri fyrri en flogið til og frá Varsjá og að auki notið fegurðar haustsins, m.a. komið við í síðustu leifum Evrópufrumskógarins sem Pólverjar deila með Hvítrússum. Áhugasömum um þessar ferðir er bent á að hafa samband við Þorleif Friðriksson, sagnfræðing hjá Söguferðum. Sími Söguferða er:

564 3031/611 4797 og netfang
soguferdir@soguferdir.is

KYNNING

Krónan opnar í Hamraborg

Krónan hefur opnað glæsilega verslun í Hamraborg og er verslunin opin frá klukkan 10-21.

Vegfarandur í Hamraborg taka flestir eftir að Nóatún er á bak og burt en í stað hennar hefur opnað ný og glæsileg verslun Krónunnar. Verslunin opnaði í lok maí og hefur verið vel tekið af íbúum og viðskiptavinum, að sögn Baldurs Víðissonar, verslunarstjóra. „Fólk hefur tekið alveg þrusu vel í opnunina og breytingarnar," segir Baldur. „Margir viðskiptavinir hafa haft það á orði við mig að þetta sé allt annað miklu bjartari og skemmtilegri verslun en var hér áður."

Hverju taka viðskiptavinir helst eftir við breytinguna úr Nóatúni yfir í Krónuna?
„Helsta breytingin sem flestir taka eftir er hvað verslunin hefur stækkað og það er skemmtilegt að versla í henni. Að sjálfsögðu tekur fólk eftir verðmuninum á því sem áður var."

OPIÐ BRÉF TIL FORMANNS HK

Ágæti formaður HK

Á aðalfundi HK sem haldinn var 30. apríl s.l. nýttir þú þér stöðu þína sem áhrifamaður í einu stærsta íþróttafélagi landsins og hélst ræðu sem birtist svo opinberlega á heimasíðu HK sem og í ársskýrslu HK. Þar sem ég er ekki lengur félagsmaður í HK, vegna framgöngu aðalstjórnar félagsins gagnvart mér og öðrum fyrrum stjórnarmönnum knattspyrnudeildar félagsins, sat ég ekki aðalafundinn en þar sem ræðan hefur verið birt opinberlega hef ég lesið hana. Þar gerir þú að umtalsefni mál sem undirritaður tengist og þekkir mjög vel. Það er ekki óeðlilegt að þú ræðir þetta mál á aðalfundi félagsins en það er hinsvegar óeðlilegt og grafalvarlegt að þú skulir skulir kjósa að fara með rangt mál og halda að þú getir komist upp með það, hrakinn út í horn í máttlausri vörn þinni sem formaður HK, að rægja undirritaðan opinberlega eins og þú hefur nú gert. Ég tel því eðilegt að fá sama tækifæri til þess að koma opinberlega á framfæri leiðréttingu á rangfærslum þínum.

Ég tók ekki sæti í þeirri bráðarbigðarstjórn knattspyrnudeildar sem aðalstjórn skipaði, eðli málisins samkvæmt, eins og þú heldur þó fram. Hins vegar starfaði ég, eftir ólögmæta brottvikningu úr starfi sem formaður knattspyrnudeildar, sem formaður meistarflokksráðs að nýju, m.a. að þinni beiðni og fjölda annarra félagsmanna, til þess að lágmarka þann skaða sem aðalstjórn HK skapaði með þeirri fordæmalausu ákvörðun að víkja rétt kjörinni stjórn knattspyrnudeildar HK frá.

Þórir Bergsson, fyrrverandi formaður m.fl. ráðs HK.

Vissulega skaðaði ákvörðun aðalsstjórnar um brottvikningu stjórnar knattspyrnudeildar félagsins starfið verulega og að mörgu leiti. Þau „rök“ sem þú kýst að nota í vörn þinni á opinberum vettvangi, vörn eftir að hafa tapað dómsmáli í tvígang, eru hins vegar með ólíkindum og að öllu leiti röng. Hið rétta er að dómstóll ÍSÍ dæmdi ólögmæta þá ákvörðun aðalstjórnar HK að víkja réttkjörinni stjórn knattspyrnudeildar HK frá störfum. Þar með var dæmt að aðalstjórn HK braut gegn lögum félagsins.
Þó það hafi nú verið nógu slæmt í sjálfu sér tók þó steininn úr þegar aðalstjórn HK, væntanlega að áeggjan og með blessun þinni sem formaður aðalstjórnar, áfrýjaði málinu, þrátt fyrir undirritun þína í kjölfar dómsins, sem formaður aðalstjórnar félagsins, á samkomulagi við þá stjórnarmenn knattspyrnudeildar HK sem skýrlega var brotið gegn samkvæmt dómi dómstóls ÍSÍ, um að málinu yrði ekki áfrýjað. Með undirritun þess samkomulags vorum við fyrrverandi stjórnarmenn knattspyrnudeildar eingöngu að hugsa um hagsmuni félagsins eins og við höfum gert árum saman, og féllumst á að styðja þá bráðabirgðastjórn knattspyrnudeildar sem hafði verið skipuð í kjölfar ólögmætrar brottvikningar okkar. Áfrýjun félagsins/þinni var hins vegar vísað frá áfrýjunardómstól ÍSÍ með þeim rökum að félagið væri bundið af skriflegri sátt, með þinni persónulegu undirritun, þess efnis um að málinu yrði ekki áfrýjað. Það var nú allur manndómurinn, aðalstjórn HK stóð ekki við eigin skriflega sátt.

Áfrýjunin hafði auk þess engan efnislegan tilgang því krafa aðalstjórnar HK í áfrýjunarmálinu var að ná fram stöðu sem þegar hafði legið fyrir mánuðum saman, þ.e. að þrátt fyrir dóm dómstóls ÍSÍ um að brottvikning stjórnar knattspyrnudeildar væri dæmt ólögmæt, þá myndi skipuð bráðabirgðastjórn starfa áfram, með stuðningi þeirra stjórnarmanna sem með ólögmætum hætti var vikið frá. Tilgangur áfrýjunarinnar, að þínu undirlagi, getur því ekki með nokkru móti talist vera með hagsmuni félagsins í huga, heldur eingöngu persónuleg meingerð gegn æru minni og annarra stjórnarmanna knattspyrnudeildar sem vikið var frá störufm.

Staðreyndin er þessi: Aðalstjórn HK, undir þinni forystu, hefur tapað dómsmáli á tveimur dómsstigum æðsta yfirvalds íþróttamála á Íslandi og notað mikla fjármuni og tíma félagsins gegn sjálfboðaliðum í félaginu sem hafa unnið hörðum höndum til þess koma meistaraflokki HK í knattspyrnu til vegs og virðingar á ný með góðum árangri sl. ár. Persónulegir hagsmunir undirritaðs og þeirra sem að málinu komu eru ekki aðrir en þeir að hafa þá hugsjón að fórna sér í mikla vinnu með það að leiðarljósi að byggja upp að nýju meistaraflokk HK sem kominn var í 2. deild eftir að hafa verið í úrvalsdeild fyrir örfáum árum.

Ég tek undir með þér að ábyrgð aðalstjórnar á málefnum HK er mikil. Þess vegna gera félagsmenn þær kröfur til hennar að hún komi fram í störfum sínum af heilindum og virðingu við félagsmenn með hagsmuni félagsins að leiðarljósi en á það hefur því miður verulega skort. Það sannast best með þeim tveimur dómsmálum sem aðalstjórn félagsins hefur tapað.

Það er hins vegar því miður augljóst að aðalstjórn félagsins og séstaklega þú sem formaður félagsins ert hvorki enn búinn að átta þig því né sætta þig við það og kýst að misnota stöðu þína sem formaður félagsins til þess að fara með ósannindi til þess eins að reyna að fegra þinn hlut. Þú værir maður að meiri að viðurkenna frekar mistökin og biðjast afsökunar. Þá skal ég vera fyrsti maður til þess að taka í þá útréttu sáttarhönd.

Með kveðju,
Þórir Bergsson, fyrrverandi formaður m.fl. ráðs.

ANARKÍA

Filippo de Esteban í Anarkíu

List fyrir okkur hin – Jaðarmyndir nefnist myndlistarsýning Filippo de Esteban sem verður opnuð í Anarkíu listasal laugardaginn 30. maí kl. 15. Þar sýnir hann ný verk úr myndaröðinni „Fata Morgana“ og stendur sýningin til 21. júní. Filippo de Esteban er fæddur í Baskalandi á Spáni en býr og starfar í Berlín þar sem hann sýnir reglulega. Hann er giftur íslenskri konu og hefur komið reglulega til Íslands sl. 30 ár, en þetta er fyrsta sýning hans hér á landi. Anarkía listasalur er í Hamraborg 3 í Kópavogi (gengið inn að norðanverðu) og er opinn kl. 15-18 alla daga nema mánudaga.

Óska eftir íbúð til leigu

31 árs gamall maður í leit að íbúð í Kópavogi, helst 202 eða 203. Reglusamur, reyklaus og drekk ekki. Með 2 börn á leikskóla og á skólaaldri. Greiðslubyrði: 185.000.

Netfang: garull@hotmail.com eða í síma: 661 5111

HVAÐ langar þig að gera í SUMAR?

Allar upplýsingar á:
http://sumar.kopavogur.is

- Siglingarnámskeið
- Smíðavöllur
- Hjóla- og útivistarnámskeið
- Ævintýranámskeið
- Skapandi sumarstörf
- Hrafninn – frístundaklúbbur
- Molinn ungmennahús
- Götuleikhús
- Sumarnámskeið íþróttafélaga
- Sumarnámskeið tómstundafélaga og félagasamtaka

Kópavogsbær

sumar.kopavogur.is

KROSSGÁTA



krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510

			iðnaðar-maður	2 eins	kefli	karlinn		hneisu	strákapör	etur	greinir	
	→											ánægja
		óskipta / átti					baksinu / tónn					
Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönnuð	↓	flutti / vinurinn		aginn / gramsar							gleðjast	
ávinnur			3			þei, þei!				þoka / flinka		
bústofn			sefar / þegar					ákveð / frjáls				
rauf						líkamshluti / tóntákni					röð	
ílát				kona / ofkæling					sansar		2	
einnig	6		peninginn								nappaði		hretið
tina					kveld	8		1	nærast	reis / hast		
greinir			skrökvaði / orm					álit / fægja				suðið	5
3 eins				eldstæði		áhald	fugl	7				
	↓	dana / hátíðinni					atyrt / kveina					
asnalega										verkfærið	2 eins		
eins um ó				áorki		siglan						
mallið						egna		lota / læri				skammir
dýrahljóð			kona		sekk / 3 eins				eins um t		fanga / greinir	
	systir / mann						sáðland				fersk	
misræmið							stífa					
ílát	4			ber				9			væl	

1	2	3	4	5	6	7	8	9

LAUSN

Lausn úr síðustu krossgátu

			M	E	Ð		M		S	T	Á	L
			Ó	F		T	A	K	T	A		Ú
		Í	R	A		Í	S		Ó	L	G	A
	T	O	G	A	R	A	K	A	R	L	A	R
	E		E			K	A		R	A	N	A	R
	L	A	R	F		A	R	K		N		S	Á
	P	U	Ð	A	R		S	A	K	A	R		M
	U	M		R	A	S	P	U	R		O	K	A
	H	A	T	T	S		E	Ð	A		S	Á	R
	N		R		K	O	N	A	N		T	T	
	O	T	A	Ð	I		A	N	A	Ð	I		P
	K	Ó	P			M		N	N		N	Ú	A
	K		P	E	L	A	R		A	S	N	A	R
	I	Ð	A		U	N	I	R		Ó			T
		Ð		S	K	A	S	S	I	Ð		M	U
	Æ	Ð		A	U	R			L	A	T	A	R
	S		Æ	F	Ð		G	U	L		Á	R	I
	T	Æ	L	T		T	Ó	G		Æ	R	I	N
	A	T	T		B	E	L	G	U	R	I	N	N

MÁNAGULL

LEIKLIST

Ást í meindýrum



Leikfélag Kópavogs frumsýndi á fimmtudag leikdagskrána Ást í meindýrum í Leikhúsinu að Funalind 2. Þættirnir eru; Ást í hraðbanka, Á veröndinni einn bjartan vormorgun, Bóksalinn, Líflína og Meindýr. Níu leikarar undir stjórn þriggja leikstjóra taka þátt. Dagskráin verður aðeins sýnd tvisvar og verður seinni sýningin í dag, laugardaginn 30. maí kl. 20.00. Miðaverð er 1.000 krónur. Miðapantanir sendist í netfangið midasala@kopleik.is.

Theodór Júlíusson, heiðurslistamaður Kópavogs.
Mynd: Lifandi mynd

HRÚTAR

Kópavogsbúar í bíó

Óhætt er að mæla með kvikmyndinni Hrútar sem hlaut verðlaunin Un Certain Regard á kvikmyndahátíðinni í Cannes á dögunum. Annar aðalleikari myndarinnar er Theodór Júlíusson, heiðurslistamaður Kópavogs. Grímur Hákonarsson, leikstjóri, er einnig Kópavogsbúi.

SUMARNÁMSKEIÐ BREIÐABLIKS

Í sumar verður boðið upp á Ævintýranámskeið, Knattspyrnuskóla, Körfuboltaskóla, karatenámskeið, frjálsíþróttanámskeið og skákþjálfun á félagssvæði Breiðabliks í Smáranum og knattspyrnuskóla í Fagralundi. Jafnframt er Sunddeild félagsins með námskeið í báðum sundlaugum bæjarins.

Að þessu sinni eru námskeiðin byggð þannig upp að auðvelt er að samræma námskeiðin og búa til dagskrá sem hentar hverjum og einum, en skipulögð dagskrá er frá kl. 08:00 - 17:00 alla virka daga.

Boðið er upp á Körfuboltaskóla, Karatenámskeið og Ævintýranámskeið fyrir hádegi frá kl. 09.00 - 12.00 og knattspyrnuskóla, frjálsíþróttanámskeið og skákþjálfun eftir hádegi frá kl. 13.00 - 16.00.

Börn á öllum námskeiðunum hafa kost á að fá heitan mat í hádeginu og einnig er hægt að kaupa gæslu frá kl.08.00 – 09.00 og kl. 16.00 – 17.00. Gert er ráð fyrir að börnin taki með sér hollt nesti en það er einn nestistími á hverju námskeiði.

Sama verð er á öll námskeiðin en hvert námskeið eru 3 klukkustundir á dag. Námskeiðsvikur eru eftirfarandi og eru fyrir börn á aldrinum 6 til 12 ára (fædd 2003 - 2008)

STAÐSETNING:
Smárinn - Körfubolti, Karate, Ævintýranámskeið
Fífan - Knattspyrna, Frjálsar íþróttir
Glersalurinn í Stúkunni - Skák
Fagrilundur/ Snælandsskóli – Knattspyrna

Námskeið 1. 15. júní - 19. júní (fjórir dagar vegna 17. júní) Knattspyrna, karfa, karate, frjálsar, skák, ævintýranámskeið
Námskeið 2. 22. júní - 26. júní / Knattspyrna, karfa, karate, frjálsar, skák, ævintýranámskeið
Námskeið 3. 29. júní - 03. júlí / Knattspyrna, karfa, karate, frjálsar, skák, ævintýranámskeið
Námskeið 4. 06. júlí - 10. júlí / Knattspyrna, karfa, karate, frjálsar, skák, ævintýranámskeið
Námskeið 5. 10. ágúst - 14. ágúst / sameiginlegt íþróttanámskeið

Yfirumsjón með námskeiðunum hefur Berglind Valdimarsdóttir íþróttafræðingur
Netfang: bmv@hi.is
Einn dagur á námskeiði (3 klst) **1.200 kr.**
Hádegismatur á dag **600 kr.**
Gæsla í eina klukkustund **400 kr.**

Vikunámskeið: **6.000 kr.** Vikunámskeið með hádegismat: **9.000 kr.**
Vikunámskeið allan daginn **12.000 kr.** Vikunámskeið með hádegismat **15.000 kr.**
Opið er fyrir skráningar á heimasíðu Breiðabliks.

Netfang: innheimta@breidablik.is
Sími: 510-6400

SUMARNÁMSKEIÐ Í SUNDI 2015

Sunddeild Breiðabliks býður í sumar upp á sundnámskeið í Sundskóla Breiðabliks í júní og júlí. Líkt og áður sjá reyndir og traustir kennarar um kennsluna, ásamt aðstoðarfólki í laug. Aðstoðarfólkið fylgir börnunum í gegnum búnings- og baðklefa. Fyrsta námskeiðið hefst 15. júní og því síðasta lýkur 24. júlí.

Námskeið 1: 15. júní – 24. júní 7 dagar verð 7.000 kr. (aðeins í Kópavogslaug)
Námskeið 1: 15. júní – 26. júní 9 dagar verð 9.000 kr. (aðeins í Salalaug)
Námskeið 2: 29. júní – 10. júlí 10 dagar verð 10.000 kr.
Námskeið 3: 13. júlí – 24. júlí 10 dagar verð 10.000 kr. (eingöngu kennt í Salalaug)

Innritun fer fram á vef Sunddeildar Breiðbliks: http://breidablik.felog.is
VISA/EURO þjónusta er við innritun.

Nánari upplýsingar eru veittar hjá Kolbrúnu í síma 895-7394 frá 20. maí á milli kl. 14:00 og 17:00.
Einnig er hægt að beina fyrirspurnum í blikarsund@gmail.com
Sundskóli Breiðabliks áskilur sér rétt til að breyta uppröðun hópa eftir þörfum.

SUNDDEILD

KÓPAVOGSBLAÐIÐ

www.kopavogsbladid.is

SPURNING DAGSINS

Hvernig líður þér?

Sölvi Snær Sigurðarson:
„Bara ágætlega takk fyrir. Samt er ég ekki í sérstökum fýling út af kjörunum í landinu og umræðu um verkföll. Það er ekki gott að þurfa kannski að fara í launalaust verkall. Annars líður mér bara vel.“

Ólafur Örn Ólafsson:
„Ég er alveg stálslegin og líður vel. Ég hef engar áhyggjur og get alveg borðað eitthvað annað en kjúkling ef hann fer að hverfa úr verslunum.“

Vilborg Gísladóttir:
„Bara fínt, takk fyrir fyrir. Ég hef engar áhyggjur. Þetta reddast alltaf einhvernveginn. Ég læt bara sumt fara í taugarnar á mér, en annað ekki.“

Steina Daníelsdóttir:
„Ég er mjög spennt fyrir sumrinu því ég er að fara til Köben, Þýskalands og mögulega til Las Vegas og get ekki beðið. Ég starfa í ferðamannabransanum og þar er nóg að gera.“

Sérþekking í Kópavogi

LIND
FASTEIGNASALA
Hlíðasmára 6

510 7900
fastlind.is

Uppspretta ánægjulegra viðskipta